

# LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL • 107 REYKJAVÍK • SÍMAR 5529899, 5630325, 5630300 • KT. 710169-3579



Stofnað 1949

## 2. fundur stjórnar L.H. haldinn í Bændahöll 6. desember 1996 og hófst hann kl. 14:00.

Formaður setti fund og bauð fólk velkomið.

Þessi voru mætt:

Birgir Sigurjónsson, Guðbrandur Kjartansson, Jón Bergsson, Sigurgeir Bárðarson, Halldór Gunnarsson, Sigríður Sigþórsdóttir, Sigurður Þórhallsson, Birgir R Gunnarsson, Sigurður Ragnarsson.

### 1. Stjórnin skipar starfsnefndir og víðar verkefnum til nefnda, framh.

#### a) Ferða og umhverfisnefnd.

Eftirtaldir voru tilnefndir í nefndina:

Sigríður Sigþórsdóttir formaður, Sörla.

Hermann Árnason, Sindra

Hjalti Jón Sveinsson, Þjálfa

Björn Sveinsson, Stíganda

Ólafur Jónsson, Gusti.

#### b) Mannvirkjanefnd L.H. og HÍS.

Nokkrar umræður urðu um hlutverk þessarar nefndar og samstarfið við HÍS um þessi mál. Stjórnin tilnefndi sína fulltrúa þá:

Geirharð Þorsteinsson og Sigurgeir Bárðarson.

#### c) FEIF-nefnd.

Sigurður Þórhallsson ræddi hlutverk nefndarinnar og helstu verkefni.

Fram kom að verulegur kostnaður fylgir erlendum samskiptum vegna FEIF samstarfs.

Nauðsynlegt er að skrifuð verði starfslýsing fyrir nefndina.

Eins og kunnugt er fer HÍS með umboð L.H. hvað varðar sportþáttinn þ.e. keppni í hestaíþróttum m.a. íslenska landsliðið á heimsleikunum.

Nefndinni er ætlað skilvirkara hlutverk en fyrri FEIF nefndum. Lagt er til að eftirtaldir aðilar skipi nefndina:

Fulltrúi L.H. - Birgir Sigurjónsson formaður L.H.

Ræktunarfulltrúi FEIF og stjórnarmaður - Víkingur Gunnarsson

Bændasamtök Íslands - Kristinn Hugason

Félag hrossabænda - Bergur Pálsson

Fulltrúi HÍS - Jón Albert Sigurbjörnsson.

Framkvæmdastjóra L.H. var falið að kynna þessar hugmyndir stjórnarinnar viðkomandi aðilum. Formanni L.H. falið að kalla nefndina saman við fyrstu hentugleika. Framkvæmdastjóra L.H. falið að gera uppkast að starfslýsingu fyrir nefndina, sem yrði kynnt og rædd á fyrsta fundi nefndarinnar.

- d) **Sameiningarnefnd L.H.**  
47. ársþing L.H. sem haldið var 25. og 26. október s.l. samþykkti að halda áfram vinnu við sameiningu L.H. og HÍS.  
Jafnframt beindi ársþingið því til allra hestamannafélaga innan L.H. að hugmyndin um sameiningu L.H. og HÍS í ein samtök verði kynnt og rædd og afstaða verði tekin til sameiningar með skriflegri atkvæðagreiðslu.  
Allir fundarmenn tóku til máls um sameiningarmálið og þingskjal nr. 14 frá síðasta ársþingi sem fjallar um þetta mál. Fram kom í máli sumra stjórnarmanna að nauðsynlegt er að stjórn L.H. setji saman greinargerð um kosti og galla sameiningar sem allir félagar í L.H. geti auðveldlega kynnt sér og myndað sér síðan skoðun út frá.  
Guðbrandur hafði skrifað greinargerð fyrir fundinn um þessi sameiningarmál og gerði stjórnarmönnum grein fyrir kostum og göllum sameiningar eins og þessir hlutir koma honum fyrir sjónir. Í fimmtán liðum rakti hann hugmyndir sínar þar sem fram kom að svara þurfi ýmsum spurningum sem viðkemur sameiningu. Margt var rætt um stöðu þessa máls og skipan fulltrúa L.H. í sameiningarnefnd ásamt með HÍS. Þessir voru síðan tilnefndir í nefndina:  
Guðbrandur Kjartansson, Birgir Sigurjónsson, Sveinbjörn Sveinbjörnsson. Varamaður: Birgir R Gunnarsson.

2. **Æskulýðsmál.**  
Kl. 15:00 kom inn á stjórnarfundinn Rosemarie Þorleifsdóttir formaður æskulýðsnefndar L.H. og HÍS eins og ráð var fyrir gert.  
Hún gerði grein fyrir starfi og stefnu æskulýðsnefnarinnar nú síðustu misseri. Rosemarie kom víða við í umfjöllun sinni um æskulýðsmál innan hestamennskunnar. Hún nefndi m.a. námsskeið sem haldin hafa verið fyrir leiðbeinendur í unglingsstarfi í hestamennsku. Stjórnarmenn skiptust á skoðunum um þetta mikilvæga mál við Rosemarie. Umræður urðu um þátttöku barna og unglings í mótum erlendis. Þá var rætt um hvernig sveitarfélögin gætu stutt unglingsstarfið fjárhagslega. Einnig væri æskilegt að kynna hestamennskuna í grunnskólum enn meira en gert hefur verið.  
Dreift var til stjórnarmanna drögum að starfslýsingu fyrir æskulýðsnefnd og æskulýðsfulltra L.H. og HÍS. Þar er m.a.-gert ráð fyrir að æskulýðsnefndin geri fjárhagsáætlun sem lögð verði fyrir stjórn L.H. til umsagnar.  
Í lok umræðunnar var Rosemarie þökkuð koman á fundinn.  
Ákveðið var að fresta skipun fulltrúa L.H. í æskulýðsnefndina til næsta fundar.

3. **Starfslýsingar nefnda.**  
Sigríður lagði fram tillögu um starfssvið ferða- og umhverfisnefndar sem hún hafði tekið saman og unnið. Tillaga Sigríðar verður tekin til afgreiðslu á næsta fundi, en jafnframt þakkað ágætt framtak.  
Aðrar starfslýsingar nefnda verða teknar til afgreiðslu á næsta fundi. Sigurður Þórhallsson sendir stjórnarmönnum afrit af fyrilliggjandi starfslýsingum til yfirlestrar fyrir næsta fund.

#### **4. Kostnaðarreikningar vegna starfa sameiningarnefndar.**

Á fundi stjórnar 8. nóvember s.l. var lagður fram reikningur vegna kynningarfundu Sigurðar Magnússonar að upphæð kr. 304.000.-

Málið var aðeins kynnt en ekki rætt. Sigurður Þórhallsson lagði fram heildarreikning yfir kostnað vegan vinnu sameiningarnefndar. Heildarkostnaður þ.e. kostnaður Sigurðar og sameiningarnefndarinnar er samtals kr. 787.677.- eins og hann liggur fyrir nú.

Þetta mál var mikil rætt og lýstu allir stjórnarmenn yfir mikilli óánægju með kostnaðarreikning Sigurðar Magnússonar þar sem stjórn L.H. hafði aldrei samþykkt þau fundahöld sem áttu sér stað.

Eftirfarandi óskaði Guðbrandur Kjartansson að yrði bókað vegna þessa málss:

*"Reiknað hafði verið með og rætt innan stjórnna beggja samtakanna að þau skiptu með sér til helminga kostnaði við vinnu sameiningarnefndar L.H. og HÍS. Hins vegar kom í ljós þegar á reyndi og upp var staðið að nefndin fór út fyrir sín takmörk og upp á eigin spýtur skipulagði og fór kynningarherferð með sín mál vítt og breitt um landið. Þetta gerði nefndin, án samráðs við a.m.k. stjórn L.H. og einnig að þrátt fyrir að fyrir lægju tilmæli stjórnna beggja samtakanna um að doka við og fara sér hægt, þar til stjórnir beggja aðila gætu fundað um málið. Nú er hins vegar ætlast til að L.H. borgi brúsann og hvað kostar króinn? Reikningar liggja frammi og áætlun á kostnaði samtals að upphæð kr. 787.677.- sem skiptast eiga jafnt á milli L.H. og HÍS.*

Svona vinnubrögð starfsnefndar á vegum L.H. eiga sér ekkert fordæmisgildi hjá samtökunum og eru fáheyrð þó víða sé leitað, þ.e. að nefnd innan félagsskapar valsi um, án vilja og samþykks stjórnar og ætlist síðan til að samtökin greiði slíkan kostnað umyrðalaust. Lágmarkskrafa er að unnið sé í-samvinnu við stjórn og ef um fyrirsjáanleg fjárlátlát er að ræða, verði lögð fram kostnaðaráætlun. Ég fordæmi slík vinnubrögð og mæli gegn því að í framtíðinni verði ámóta reikningar greiddir, nema að fyrir liggi kostnaðaráætlun og stjórnarsamþykkt vegna slíkra útgjalda".

Málið var rætt frekar og stjórnarmenn einhuga um að vinnubrögð af þessu tagi væru lítt afsakanleg. Nefndin hefði ekkert samráð haft við stjórn L.H. og tekið sér sjálfðæmi, vald sem hún hefði aldrei haft. Formanni Birgi Sigurjónssyni falið að ræða við Jón Albert formann HÍS varðandi málið m.a. um kostnaðarreikning frá Sigurði Magnússyni, sem mönnum finnast nokkuð háir og án fullnægjandi skýringa.

Greiðsla og uppgjör reikninga fari fram eftir viðræður formanna L.H. og HÍS í samræmi við samkomulag þeirra þar um.

#### **5. Pinggerð 47. ársþings.**

Sigurður Þórhallsson kynnti stuttlega þinggerð 47. ársþings L.H. sem verið er að leggja síðustu hönd á. Þinggerðin verður sen út í næstu viku til stjórnarmanna L.H., þingfulltrúa og formanna félaga.

#### **6. Málefni Skógarhóla.**

Fundur verður um málefni Skógarhóla fljótlega þar sem mæta formaður L.H. gjaldkeri og framkvæmdastjóri.

**7. Önnur mál.**

a) L.H. sendi nýlega hestamannafélaginu Mána skeyti þar sem fram koma hamingjuóskir frá samtökunum í tilefni þess að Máni fékk Landgræðsluverðlaunin í ár.

b) Formaður kynnti bréf frá hestamannafélaginu Stormi á Vestfjörðum dags. 13.11.96. þar sem farið er fram á fjárstuðning vegna kostnaðar við dómstörf á s.l. sumri. Stjórnin ákvað að styrkja félagið vegna þessa að upphæð kr. 20.000.- Styrkurinn er ekki fordæmisgefandi.

c) Senda þarf bréf til félaganna á Suðurlandi vegna staðarvals landsmóts árið 2000 og var formanni og framkvæmdastjóra falið að ganga frá því.

Fleira ekki bókað.

Fundi slitið kl. 19:30

Halldór Gunnarsson  
Birgir Sigurjónsson  
Sigurgeir Bárðarson  
Guðbrandur Kjartansson

Jón Bergsson  
Birgir R Gunnarsson  
Sigríður Sigþórsdóttir  
Sigurður Ragnarsson